

Miðvikudaginn 1. apríl 1998.

Nr. 132/1998.

**Íslenska ríkið og
lyfjaverðsnefnd**

(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

gegn

**Samtökum verslunarinnar – Félagi íslenskra
stórkaupmanna**

(Baldvin Hafsteinnsson hdl.)

Kærumál. Ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. mars 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. mars 1998, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að leitað yrði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins á nánar tilgreindum atriðum, sem tengjast málarekstri aðilanna fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og varða skýringu á tilskipun nr. 89/105/EBE frá 21. desember 1988. Um kærueimild vísar sóknaraðili til 3. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1994 um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að Hæstiréttur meti, hvort þörf sé á, að leitað verði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins á skýringu fyrrgreindrar tilskipunar og leggi fyrir héraðsdóm að bera upp þær spurningar, sem Hæstiréttur telji þörf á. Til þrautavara er þess krafist, að hinum kærða úrskurði verði breytt á þá leið, að álits verði leitað á eftirfarandi:

Í fyrsta lagi, hvort framangreinda tilskipun beri að túlka þannig, að það sé andstætt einhverjum ákvæðum hennar, að lögbært yfirvald, sem sé falið samkvæmt lögum að ákveða verð lyfseðilsskyldra lyfja, ákveði með almennum hætti verð og/eða álagningu lyfja í heildsölu til hækkunar og/eða lækkunar, meðal annars til að hafa stjórn á opinberum útgjöldum vegna lyfja.

Í öðru lagi, hvort og hver áhrif það hafi á svar við framangreindri

spurningu, að einstökum lyfjaheildsölum sé gert kleift með lögum og almennum stjórnvaldsfyrirmælum að sækja um hækkun eða breytingar á verði og/eða álagningu einstakra lyfja þrátt fyrir hinar almennu ákvarðanir hins lögbæra yfirvalds.

Í þriðja lagi, hvort og þá hver áhrif það hafi í skilningi tilskipunarinnar, sbr. fyrstu spurninguna, að fulltrúi samtaka lyfjaheildsala sitji í nefnd þeirri, sem falið sé að lögum að taka ákvarðanir um lyfjaverð og standi að ákvörðun ásamt nefndinni, þess efnis, sem lýst sé í fyrstu spurningu.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

I.

Í fyrrnefndri 3. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1994 er veitt sjálfstæð heimild til að kæra til Hæstaréttar úrskurð héraðsdóms um að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á tilteknum lagaatriðum máls. Tilvísun umrædds ákvæðis til almennra reglna um meðferð einkamála varðar eingöngu aðferð við málskot, frest til þess og meðferð máls fyrir æðra dómi, en snertir á engan hátt heimild til kæru. Kæruheimild ákvæðisins miðar að því sjálfgefna markmiði, að Hæstiréttur geti endurskoðað mat héraðsdómara á því, hvort þörf sé á að afla ráðgefandi álits og um hvaða atriði það verði gert. Er því ekkert hald í þeim röksemdum, sem varnaraðili færir fyrir aðalkröfu sinni, að lagaheimild skorti til að kæra úrskurð héraðsdóms og að mat héraðsdómara á þörf fyrir ráðgefandi áliti geti ekki komið til endurskoðunar fyrir æðra dómi.

Samkvæmt þessu er aðalkröfu varnaraðila hafnað.

II.

Fallist verður á með héraðsdómara, að tilefni sé til að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins vegna ágreinings málsaðila um þau meginatriði, hvort fyrirmæli í reglugerð nr. 501/1996 um ákvörðun lyfjaverðs og ákvörðun sóknaraðilans lyfjaverðsnefndar frá 22. nóvember 1996 fái samrýmst fyrrnefndri tilskipun, sem er hluti sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið. Verður því hvorki tekin til greina aðalkrafa sóknaraðila né varakrafa, enda metur Hæstiréttur ekki sjálfstætt í kærumáli sem þessu án ákveðinnar dómkröfu af

hendi málsaðila, um hvaða atriði leitað verði ráðgefandi álits, svo sem felst í varakröfu.

Eins og málið liggur fyrir, eru efni til að leita ráðgefandi álits á öllum þeim atriðum, sem greind eru í úrskurði héraðsdómara. Þrautavarakrafa sóknaraðila gefur ekki tilefni til að breyta spurningunum, sem getur í úrskurðinum, enda felast nægilega í þeim tvö fyrstu atriðin, sem tiltekin eru í þeirri kröfu, en ætla verður, að sóknaraðilar geti komið þriðja atriðinu að eftir því, sem efni kunna að standa til, við meðferð EFTA-dómstólsins á málinu.

Úrskurður héraðsdómara verður því staðfestur. Rétt þykir, að aðilar beri hver sinn kostnað af kærumáli þessu.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. mars 1998.

Þar sem vafi þykir leika á um það, hvort reglugerð um ákvörðun lyfjaverðs nr. 501/1996 og ákvörðun lyfjaverðsnefndar frá 22. nóvember 1996 um breytingar á hámarksverði lyfja í heilðsölu fái samrýmst tilskipun ráðsins nr. 89/105/EBE frá 21. desember 1988 um gagnsæjar ráðstafanir, er varða verðlagningu lyfja, sem ætluð eru mönnum, og þátttöku innlendra sjúkra-trygginga í greiðslu þeirra, en tilskipunin er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og er að finna í XIII. kafla í II. viðauka við hann, og niðurstaða þess álitaefnis þykir hafa verulega þýðingu fyrir niðurstöðu í máli þessu, eins og það hefur verið lagt fyrir dóminn, þykir rétt að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins á þeim álitaefnum, sem í úrskurðarorði greinir.

Sigurður T. Magnússon héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Leita ber ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins á eftirfarandi:

1. a. Tekur tilskipun ráðsins nr. 89/105/EBE, einkum 2. og 3. gr., til þess tilviks, að lögbært yfirvald, sem ætlað er að samþykka hámarksverð lyfja, tekur að eigin frumkvæði ákvörðun um að lækka heilðsöluverð allra lyfseðilsskyldra lyfja, sem háð eru lagaákvæðum um heimild til markaðssetningar, að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda um verð og leyfi til verðhækkana að fengnu samþykki lögbærra yfir-

valda, og kosta meira en 3.000 íslenskar krónur, um 2,65% í þeim tilgangi að lækka lyfjaverð til almennings til samræmis við það, sem gerist í nágrannalöndunum, og draga úr útgjöldum ríkisins til lyfjamála?

b. Getur slík einhliða ákvörðun lögbærs yfirvalds samrýmst tilskipun ráðsins nr. 89/105/EBE?

c. Hefur það áhrif á svarið við spurningunni, að/ef unnt er að sækja um hækkun á verði einstakra lyfja þrátt fyrir hina almennu lækkun á heildsöluverði?

2. a. Ber að skýra 2. tl. 2. gr. tilskipunar ráðsins nr. 89/105/EBE þannig, að einhliða ákvörðun lögbærs yfirvalds eins og sú, sem greint er frá í spurningu 1, teljist synjun á markaðssetningu lyfs á tilteknu verði?

b. Ef svo er, hefur það áhrif á þær kröfur, sem gerðar eru til rökstuðnings fyrir ákvörðun lögbærs yfirvalds, kynningu á lagaúrræðum, sem heildsali getur nýtt sér, og fresti, sem hann hefur, að/ef unnt er að sækja um hækkun á verði einstakra lyfja þrátt fyrir hina almennu lækkun á heildsöluverði?
